



# innrím

Björk Guðnadóttir  
Helga Óskarsdóttir  
Helga Þórsdóttir  
Hlynur Helgason  
Karlotta Blöndal  
Ólöf Björnsdóttir

[innrim.this.is](http://innrim.this.is)

Víðihlíð Landspítala Kleppi  
1.-31. mars 2013

**Björk Guðnadóttir** hefur löngum unnið að verkum þar sem sjónrænar áherslur og líkamlegar tilfinningar mætast í óstöðugu jafnvægi hugar og handar. Verk hennar eru gjarnan innsetningar, teikningar, hlutir og verk sniðin úr efni, sérkennileg sjónræn upplifun sem í reynd verður ekki að raunverulegri heild fyrr en áhorfandinn nær að víkja sér undan ofurvaldi sjónarinnar og skoðar verkin út frá tilfinningu snertingar og líkama. Verkin eru sjáanleg en gerð þeirra ber snertingu og líkama verunnar stöðugt merki.



Vísun í þetta er einnig sterk í verkum hennar nú – hún býr til, að því er virðist, óhlutbundna mynd tveggja þríhyrninga. Verkin eru staðsett sjónrænt í rýminu en aðferðin við gerð þeirra tengir þau við gjörninginn: í þeim er falin sú hugsun að ef til vill verði þrjónlesið öðruvísi ef byrjað er að vinna löngu hliðina og síðan unnið inn á við í odd þríhyrningsins heldur en ef byrjað er í oddinum og aukið út í lengstu hliðina. Áhorfandinn horfir á efnið, hann finnur fyrir hlýju sjalsins á hörundi sínu þegar það umlykur hann, og hann veltir því fyrir sér hvort snertingin sé önnur eftir því á hvorum endanum listakonan byrjaði. Með sömu vísun í líkamann staðsetur Björk dálítið verk búið til úr sjón-glerjum í auðan glugga dyra við inngang Víðihlíðar. Þar þarf áhorfandinn að beygja sig niður til að sjá misbrotna og bjagaða mynd umhverfisins sem blasir við þegar horft er yfir tilfinningahlaðið umhverfi staðarins.

HH

**Helga Óskarsdóttir** hefur um langt skeið unnið með örsmáar mannvistaleyfar sem merkja umhverfi borgarinnar. Hugmyndaheimur Helgu gengur inn í líkama borgarinnar, þrýstir sér inn fyrir hann í þeirri viðleitni sinni að ná innfyrir, undir yfirborðið. Þannig birtir Helga okkur áferðir af menningarlegum líkama borgarinnar. Hin örsmáa ör, hnúðar og skellur sem skapaðar hafa verið af manna völdum inn í borgarlandslagið ganga inn í hugarheim hennar, þar bólga áferðirnar út, valda þrýstingi þar til þeim er loks varpað á brott, þrýst upp með myndmáli.



Verkin sem Helga sýnir í Víðihlíð sýna ör á líkama hússins, örin varpast fram að vitund áhorfenda úr annarri vídd, skapaðri með samsömun Helgu við efni og áferð. Myndheimurinn tekur áhorfandann undir yfirborðið, á bak við áferðirnar, inn í hliðarviddir efnisheimsins. Verkin eru spegill að handan hins áþreifanlega, settur upp í því skyni að gefa áhorfendum kost á því að spegla sig þaðan.

HP

**Helga Þórsdóttir** er listakona sem lengi hefur tekist á við sjálfskynjun fólks í menningarlegu samhengi umhverfisins. Á sýningu hennar sem stendur yfir á vegum FUGLS í Slippnum á Skólavörðustíg tók hún sér fyrir hendur að skrásetja og birta sjálfsprotna fagurfræði eftirstríðsáranna og hvernig hún birtist í umhverfi fólks. Í verki sínu í Víðihlíð birtir hún áráttukennda ásýnd „konunnar“ þar sem hún birtist í fagurfræðilegu hlutverki sköpunar og þjónustu, sem kvenvél. Helga umbreytir sjálfri sér í persónu sem tekst á við ímyndaðan reynslu- og neynsluheim kvenna á öldinni sem leið, persónu sem tekst þrúðbúin á við fagurfræði eldhússins. Undir athafnagleðinni hljómar upplestur helstu skáldkvenna tuttugustu aldarinnar þar sem þær takast á kröftugan hátt á við hlutverk sem konum er skipað í. Það er við þennan undirtón sem kvenvél Helgu atast og bakar fyrir gesti dýrindis múffur sem eru síðlausar í ofgnótt sinni og tilgangslaysi. Verkið er unnið inn í ákveðna staðhætti rýmisins, það þröngvar átökum tilgangslausrar sköpunar og raunverulegum mætti skáldskaparinn í rýmið þar sem áhorfandinn þarf að berjast við að finna sér og sínum skoðunum stað.

(Allur ágóði af sölu múffanna rennur til starfsemi Víðihlíðar).

HH



Landspítali Kleppi, áður Kleppsspítali, er geðspítali sem tilheyrir geðsviði Landspítalans. Hann er oft í daglegu máli nefndur Kleppur. Gestir staðarins eru því Klepparar, sem orðið er virkt samheitalýsingarorð yfir geðsjúkdóma. Þannig er nafnið á lóð Klepps, sem Víðihlíð stendur á, afar merkingabært sem eitthvað eitt ákveðið ástand á stað.

#### Hlynur Helgason

tekur fyrir staðbundið umhverfi Víðihlíðar, þar sem hann dregur inn í linsuna jörðina, sjóinn, gróður og menningarlegt umhverfi mannvista. Hlynur sýnir gestum sínum staðinn eins og hann er, nákvæmlega. Moldin, sem kólluð er Kleppur, breytist í staðleysu, mold einhversstaðar frá. Hlynur losar áhorfandann frá staðbundnu goðsögulegu ástandi Klepps með því að sýna þeim Klepp. Moldin er partur af jarðskorpunni sem hefur þann tilgang helstan að næra gróður. Þannig færir Hlynur áhorfandann nær raunvirni náttúru Klepps, losar um hinn goðsögulega anda sem umlykur hana. Staðurinn verður staðbundin staðleysa sem loftar um og gefur áhorfendum færi á að metta verkin nýrri virkni, öðru ástandi.

HP



**Karlotta Blöndal** hefur gjarnan í verkum sínum skoðað táknræn ferli í umhverfi sínu, þar sem hún hefur búið til einskonar viðauka við það sem sjálfgefið þykir í menningu og staðhættum. Verkin eru fjölbreytileg – ljósmyndir, fjölfeldi, textar, eða kvikmyndabrot – og setja flest hver spurningu við samskipti og völd í samfélaginu. Í verki sínu fyrir þessa sýningu heldur hún viðteknum hætti. Hún skapar verk þar sem búið er að skoða umhverfi Víðihlíðar og innviði á grafískan hátt, þar sem búið er að taka rýmið og innbyrða það – túlka – þannig að útkoman verður hugkort sem lýsir rýminu á flæðandi og sjálfhverfan hátt. Hugkort þar sem búið er á táknrænan hátt að snúa hinu ytra yfir í hið innra og síðan, í gagnstæðri hreyfingu, að umsnúa því á ný þannig að það sem við það er orðið „innra“ er útstætt, áberandi, stingandi.

HH

Le Corbusier skrifar árið 1925, hús eru vélar sem búið er í, samkvæmt honum sjá náttúrulegar þarfir lífverunnar fyrir uppröðun innanhúsrýma eftir virkni þeirra. Mikilvægasta rými hússins samkvæmt Le Corbusier er eldhúsið, með þeim rökum að framar öllu öðru verði maðurinn að næra sig. Þannig er sú framleiðsla sem fer fram í eldhúsinu mannum lífsnaðsynleg.

#### Ólöf Björnsdóttir

bíður sýningargestum inn í eldhús Víðihlíðar. Þar sýnir hún átta teikningar sem upphaflega voru framleiddar sem hugmynd af merki Geðlæknafélagsins. Í því ferli gengur Ólöf inn í hugmyndina um huga eða heila mansins þannig að úr verða verk í fullkominni andstöðu við upphaflegt kapitalískt markmið þeirra. Innri myndheimur Ólafar tekur yfir framleiðsluna og gefur henni framandi krydd hins ósjálfráða. Skuldbinding Ólafar við hugmyndina breytir einföldu merki í áráttukennda ástundun.

Breski listfræðingurinn Griselda Pollock setur fram í bók sinni Vision and Difference árið 2003 þá hugmynd að á list beri að lita sem ástundun í stað framleiðslu. Í hugtakaheimi Pollock eru framleiðsla/ástundun andstæðupar, þar sem framleiðsluna er hægt að vigta og meta samkvæmt virðkenndum stöðlum hvers tíma en ekki ástundunina sem alltaf er huglæg, ósamrýmanleg við mikið, meira, mest. Með þessum hætti vonast Pollock eftir því skapa ný viðmið í listum. Einhversstaðar á sömu slóðum finnum við myndheim Ólafar Björnsdóttur, sem er sífellt á hreyfingu í þróun aldrei kyrr eða tilbúin. Gott dæmi um þetta er verkið mæður sem aðstandendur, hér tekur Ólöf tvær andlitsmyndir mæðra í stöðu aðstandenda, á sama tíma og eldhúsið í Víðihlíð verður staður til þess að ræða við konur í slíkrri stöðu. Ólöf ljær þeim eyra og verkið þróast í takt við þær. Þannig er hægt að tala um verk Ólafar sem menningarlega ástundun sem setur sig í andstöðu við kapitalíska framleiðslu.

HP

